

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps vegna efnistökusvæðis á Búðarhálsi.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. júlí 2025 breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032 sem samþykkt var í hreppsnefnd Ásahrepps 21. maí 2025.

Í breytingunni felst að efnistökusvæði E8 er stækkað úr 1 ha í 2,3 ha og heimiluð efnistaka aukin úr 10.000 m³ í 49.000 m³. Óbyggt svæði minnkar til móts.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 9. júlí 2025.

f.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2025